



Nefndasvið Alþingis  
b.t. atvinnuveganefndar  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík, 31. mars 2021

**Efni: Frumvarp um tímabundnar endurgreiðslur til kvikmyndagerðar á Íslandi, 604. mál**

Samtök iðnaðarins (SI) og Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda (SÍK), aðildarsamtök SI, hér eftir „**samtökin**“, hafa tekið til umsagnar frumvarp um tímabundnar endurgreiðslur til kvikmyndagerðar á Íslandi (tilgreining kostnaðarliða, eftirlit o.fl.), 604. mál.

Samtökin fagna því að framlengja eigi lög um endurgreiðslur til kvikmyndagerðar fram til ársins 2025. Endurgreiðslur til kvikmyndagerðar hafa margsannað gildi sitt og skipta sköpum fyrir samkeppnishæfni íslenskrar kvikmyndagerðar. Samtökin vilja jafnframt koma á framfæri ánægju með það að í skoðun sé að hækka endurgreiðsluhlutfallið með það að markmiði að laða stærri kvikmyndaframleiðsluverkefni til landsins og hafa SÍK skipað tvo fulltrúa í starfshóp á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins sem hefur þau mál til skoðunar.

Samtökin styðja umrætt frumvarp og þær breytingar sem það felur í sér. Á fyrri stigum málsins gerðu samtökin alvarlegar athugasemdir við drög að breytingum á ýmsum ákvæðum, m.a. varðandi skilgreiningu á framleiðslukostnaði. Eftir gott og uppbyggilegt samráð af hálfu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins við SÍK og SI hafa verið gerðar jákvæðar breytingar á umræddum ákvæðum. Þakka samtökin áheyrn ráðuneytisins og að tekið hafi verið tillit til athugasemda.

Virðingarfyllst,

Sigríður Mogensen  
sviðsstjóri hugverkasviðs SI

Lilja Ósk Snorradóttir  
formaður SÍK